

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 um breytingu á III. viðauka A og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs til að laga þá að vísindalegum og tæknilegum framförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0308**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2009 frá 15. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 97, 16.4.2009, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 308/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008 frá 6. júní 2008, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 16.4.2009, bls. 8.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.